


FRAMHALDSSKÓLASÝNINGAR VORIÐ 2026



MÁNUDAGINN 12. JANÚAR KL. 14:15

ÞRIÐJUDAGINN 13. JANÚAR KL. 13:15

2001: A SPACE ODYSSEY

MÁNUDAGINN 19. JANÚAR KL. 14:15

ÞRIÐJUDAGINN 20. JANÚAR KL. 13:15

THE THIRD MAN

MÁNUDAGINN 26. JANÚAR KL. 14:15

ÞRIÐJUDAGINN 27. JANÚAR KL. 13:15

BLADE RUNNER

MÁNUDAGINN 2. FEBRÚAR KL. 14:15

ÞRIÐJUDAGINN 3. FEBRÚAR KL. 13:40

VIRIDIANA

MÁNUDAGINN 9. FEBRÚAR KL. 14:15

ÞRIÐJUDAGINN 10. FEBRÚAR KL. 13:40

A HISTORY OF VIOLENCE

VETRARFRÍ

MÁNUDAGINN 23. FEBRÚAR KL. 14:15

ÞRIÐJUDAGINN 24. FEBRÚAR KL. 13:40

AMÉLIE

MÁNUDAGINN 2. MARS KL. 14:15

ÞRIÐJUDAGINN 3. MARS KL. 13:40

PARASITE

MÁNUDAGINN 9. MARS KL. 14:15

ÞRIÐJUDAGINN 10. MARS KL. 13:15

BREAKFAST AT TIFFANY'S

MÁNUDAGINN 16. MARS KL. 14:15

ÞRIÐJUDAGINN 17. MARS KL. 13:15

PORTRAIT OF THE LADY ON FIRE

MÁNUDAGINN 23. MARS KL. 14:15

IT WAS JUST AN ACCIDENT

MÁNUDAGINN 13. APRÍL KL. 14:15

DRAUMAR




Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Framhaldsskólasýningar í Bíó Paradís <https://www.facebook.com/framhaldsskolasyningar>



2001: A SPACE ODYSSEY



TEGUND OG ÁR: Vísindaskáldsaga, 1968

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin/Bretland

LENGD: 139 mínútur

LEIKSTJÓRI: Stanley Kubrick

ADALHLUTVERK: Keir Dullea, Gary Lockwood, William Sylvester

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Með stórvirkinu 2001: A Space Odyssey urðu þáttaskil í kvikmyndasögunni, þar sem Kubrick gaf kvikmyndalistinni alveg nýja merkingu. Þessi goðsagnarkennda

vísindaskáldsögumynd er ein af áhrifamestu kvikmyndum allra tíma. Hún er fræg fyrir sjónræna framsetningu, heimspekilegar hugleiðingar um þróun mannkynsins og tæknibrellur sem ollu byltingu í kvikmyndagerð.

Í myndinni segir frá þróun mannkynsins úr frumstæðum öpum í háþróaða mannveru og fjallar m.a. um átök manns við gervigreind, tölvuna HAL

A Space Odyssey var fimm ár í undirbúningi, en Kubrick hafði mikinn áhuga á lífi á öðrum hnöttum. Hann vann handritið að myndinni með Arthur C. Clarke og var það byggt á smásögu hans, "The Sentinel". Myndin var tilnefnd til fjölda verðlauna og hlaut Óskarsverðlaun fyrir tæknibrellur.

THE THIRD MAN



TEGUND OG ÁR: Rökkurmynd, 1949

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin/Bretland

LENGD: 103 mínútur

LEIKSTJÓRI: Carol Reed


AÐALHLUTVERK: Joseph Cotten, Alida Valli, Orson Welles

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Þriðji maðurinn er bresk rökkurmynd (film noir) sem er gerð eftir handriti Graham Greene og gerist í Vínarborg skömmu eftir síðari heimstyrjöldina þegar bandamenn skiptu borginni á milli sín.

Myndin segir frá Holly Martins, bandarískum glæpasagnahöfundi sem kemur til Vínarborgar til að heimsækja vin sinn Harry Lime sem lofaði honum atvinnu. Holly fréttir við komuna að Harry hafi látist í bíslysi og er viðstaddur jarðarförina. Þar hittir hann vini Harrys og ástkonu hans, Önnu. Fljótlega kemur í ljós að Harry var eftirlýstur af lögreglunni vegna ógeðfelldra umsvifa á svörtum markaði og þegar Holly fær misvísandi lýsingar á dauða Harrys, vakna grunsemdir hans um að ekki sé allt með felldu.

BLADE RUNNER



TEGUND OG ÁR: Vísindaskáldsaga, 1982

LENGD: 116 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: BANDARÍKIN

LEIKSTJÓRI: Ridley Scott

ADALHLUTVERK: Harrison Ford, Rutger Hauer, Sean Young

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Blade Runner er ein af klassískum lykilmyndum sem sækir í fræg kvikmyndaverk frá fyrri tímum eins og rökkurmyndir fjórða áratugarins og Metropolis (1928) eftir Fritz Lang.

Myndin er byggð á vísindaskáldsögunni “Do Androids Dream of Electric Sheep” eftir Phillip K. Dick. Hún gerist í Los Angeles árið 2019 þar ríkir stöðugt myrkur og rigning þar sem mannkynið hefur eyðilagt jörðina og búið sér nýlendur á öðrum hnöttum.

Spár um erfðatækni og japönsk yfirráð á markaði sem voru vinsælar á áttunda áratugnum hafa gengið eftir og svokallaðar eftirmyndir, sem eru í mannlíki, eru hannaðar og sendar úti geiminn til ýmissa starfa. Margar þeirra sleppa til jarðarinnar og sérstakir lögreglumenn eru þjálfaðir til að leita þær uppi og fjarlægja þær. Einn þeirra, Rick Deckard (Harrison Ford) er fenginn til að leita uppi hættulegar eftirmyndir sem talið er að geti þróað með sér tilfinningar. Spurningin er hins vegar hvort Deckard sjálfur sé maður eða eftirmynd.

VIRIDIANA



TEGUND OG ÁR: Drama, 1961

LENGD: 90

FRAMLEIÐSLULAND: Spánn

LEIKSTJÓRI: Luis Buñuel

ADALHLUTVERK: Silvia Pinal, Franscisco Rabal, Fernando Rey

TUNGUMÁL: Spænska með enskum texta

Viridiana er ein af frægustu kvikmyndum súrrealíska leikstjórans Luis Buñuel og segir frá ungri konu, Viridiana, sem ætlar að gerast nunna. Áður en hún tekur heit sín er henni falið að heimsækja frænda sinn, eldri mann að nafni Don Jaime sem fjármagnaði menntun hennar.

Upp koma óvænt atvik sem verða til þess að Viridiana hættir við að gerast nunna og dvelur á höfðingjasetri Don Jaime ásamt óskilgetnum syni hans, Jorge, þar sem hún helgar sig góðverkum og veitir utangarðsfólki hæli.

Myndin hlaut Gullpálmann á kvikmyndahátíðinni í Cannes árið 1961, en var bönnuð á Spáni og fordæmd af Páfagarði fyrir gagnrýni sína á katólsku kirkjuna. Hún var valin besta spænska kvikmynd allra tíma árið 2016.

A HISTORY OF VIOLENCE



TEGUND OG ÁR: Spennumynd, 2005

FRAMLEIÐSLULAND: Kanada, Bandaríkin, Þýskaland

LENGD: 96 mín

LEIKSTJÓRI: David Cronenberg

ÁDALHLUTVERK: Viggo Mortensen, Maria Bello, William Hurt

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

A History of Violence segir frá Tom Stall, veitingastaðareiganda sem lifir rólegu lífi í sveitabænum Millbrook í Indiana ásamt eiginkonu og tveimur börnum. Kvöld nokkurt brjótast tveir menn inn á veitingastaðinn til að ræna hann, en Tom ver sig og starfsfólk sitt af mikilli leikni. Fjölmíðlar fjalla um hetjudáð hans, en skömmu seinna birtast ókunnugir menn sem virðast þekkja Tom og grunsemdir um dularfulla fortíð fylgja í kjölfarið.

Myndin var frumsýnd í keppni um Gullpálmann á kvikmyndahátíðinni í Cannes 2005 og fékk mikla athygli fyrir handritsgerð og leik. Myndin var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir handrit og William Hurt fyrir besta leit í aukahlutverki.

AMÉLIE



TEGUND OG ÁR: Gamanmynd, drama, fantasia, 2001

FRAMLEIÐSLULAND: Frakkland

LENGD: 122 mín

LEIKSTJÓRI: Jean-Pierre Jeunet

ADALHLUTVERK: Audrey Tautou, Mathieu Kassovitz

TUNGUMÁL: Franska með íslenskum texta

Amélie gerist í París og segir frá ungri konu sem starfar sem gengilbeina á kaffihúsi. Kvöld nokkurt þegar hún sér fréttir af láti Díönu prinsessu, finnur hún skín í íbúð sinni sem tilheyrði fyrrum leigjanda. Amélie ákveður að blanda sér í líf annarra til að öðlast tilgang með lífinu.

Myndin um Amélie kom eins og hvirfilbylur inn í franskan kvikmyndaiðnað. Hún er með frægustu kvikmyndum Frakklands, var tilnefnd til fimm Óskarsverðlauna og hlaut Evrópsku kvikmyndaverðlaunin, BAFTA- og César-verðlaunin. Hún er í senn listræn og markaðsvæn kvikmynd sem fer ekki oft saman. Í myndinni var notast við óvenjulega kvikmyndatöku og litapalettu sem hefur haft gríðarleg áhrif á aðrar kvikmyndir.

PARASITE



TEGUND OG ÁR: Drama, 2019

FRAMLEIÐSLULAND: Suður-Kórea

LENGD: 132 mínútur

LEIKSTJÓRI: Bong Joon Ho

ADALHLUTVERK: Song Kang-ho, Sun-Kyun, Cho Yeo-jeong

TUNGUMÁL: Kóreska með íslenskum texta

Sótsvört gamanmynd, þriller og vinningshafi Gullpálmans á Cannes 2019! Sníkjudýrin (Parasite) fjallar um bláfátæka fjölskyldu í kóreskri borg en einn daginn breytist allt þegar sonurinn fær vinnu við það að kenna unglingsstúlku ríkra hjóna.

Frá hinum margrómaða leikstjóra Bong Joon Ho (Okja, Snowpiercer) sem fjallar hér á listilegan hátt um stéttaskiptingu í þessari stórkostlegu verðlaunamynd.

BREAKFAST AT TIFFANY'S



TEGUND OG ÁR: Rómantísk gamanmynd, 1961

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LENGD: 115 mínútur

LEIKSTJÓRI: Blake Edwards

ADALHLUTVERK: Audrey Hepburn, George Peppard, Patricia Neal

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Breakfast at Tiffany's gerist í New York og segir frá Holly Golightly, sérviturri og fágaðri konu með dularfulla fortíð sem fer reglulega í heimsókn í Sing Sing-fangelsið. Forvitni hennar vaknar þegar maður að nafni Paul flytur inn í íbúðarblokkina hennar, rithöfundur sem á í erfiðleikum og hefur ekkert skrifað í fimm ár.

Myndin er byggð á samnefndri smásögu Truman Capote (In Cold Blood, Days of Wine and Roses) og Audrey Hepburn er í hlutverki Holly. Atriðið þar sem Holly stendur fyrir framan skartgripaverslunina Tiffany klædd svörtum samkvæmiskjól og fær sér morgunverð, er löngu orðin íkonísk, myndin var tilnefnd til fimm Óskarsverðlauna og hreppti tvenn. Myndin var sett á lista yfir mikilvægustu myndir Bandaríkjanna árið 2012.

PORTRAIT OF THE YOUNG LADY ON FIRE



TEGUND OG ÁR: *Leikin mynd, drama, 2019*

LENGD: 119 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: *Frakkland*

LEIKSTJÓRI: *Céline Sciamma*

AÐALHLUTVERK: *Noémie Merland, Adèle Haenel, Luàna Bajrami*

TUNGUMÁL: *Franska með íslenskum texta*

Hin unga listakona Marianne er ráðin í verkefni að mála portrett af Héloïse, tilvonandi brúði ríkrar fjölskyldu, sem hefur ítrekað neitað að sitja fyrir því hún neitar að giftast manninum sem til stendur að binda hana við. Marianne dulbýr sig sem vinnukonu til að ávinna sér traust hennar en ekki líður á löngu þar til hún verður ástfangin af fyrirsætunni.

Myndin keppti um Gullpálmann á kvikmyndahátíðinni Cannes 2019 þar sem hún hreppti Queer Palm verðlaunin en um er að ræða fyrstu kvikmyndina sem leikstýrð er af konu sem hlýtur þau verðlaun. Einnig hlaut Celine Sciamma verðlaun fyrir besta handritið á hátíðinni.

IT WAS JUST AN ACCIDENT



TEGUND OG ÁR: Spennutryllir, farsi, 2025

FRAMLEIÐSLULAND: Íran, Frakkland, Lúxemborg

LENGD: 105 mínútur

LEIKSTJÓRI: Jafar Panahi

ADALHLUTVERK: Vahid, Mobasseri, Maryam Afshari, Ebrahim Azizi

TUNGUMÁL: Persneska með íslenskum texta

Maður nokkur er á ferð að næturlagi í Teheran ásamt konu sinni og dóttur þegar hann keyrir á hund fyrir slysi. Áreksturinn veldur skemmdum á bíl mannsins, svo hann leitar sér aðstoðar á bílaverkstæði hjá Vahid, sem áður var pólitískur fangi.

Þegar Vahid heyrir rödd mannsins, ákveður hann að ræna honum og leita hefnda. Brátt dragast fleiri fórnarlömb inn í hringiðu hefndarinnar og í senn spennandi og súrrealísk atburðarrás afhjúpar spillingu og einræði í Íran.

Myndin hlaut Gullpálmann á kvikmyndahátíðinni Cannes 2025 auk fjölda verðlauna og viðurkenninga.

DRAUMAR



TEGUND OG ÁR: Drama, 2025

FRAMLEIÐSLULAND: Noregur

LENGD: 110 mínútur

LEIKSTJÓRI: Dag Johan Haugerud

ADALHLUTVERK: Ella Øverbye, Selome Emnetu, Ane Dahl Torp

TUNGUMÁL: Norska með enskum texta

Stórkostleg kvikmynd úr smiðju Dag Johan Haugerud úr þríleiknum Sex, Love Dreams sem fjallar um Johanne, sem heldur dagbók þar sem hún skrásetur tilfinningar sínar og hrifningu á frönskukennaranum sínum. Móðir hennar og amma finna dagbókina og upp verður fótur og fit ...Stórbrotin saga sem fjallar um tilfinningar, kynhneigð, kynslóðabil og bráðfyndin augnablik lífsins! Vinningsmynd aðalverðlauna Berlinale kvikmyndahátíðarinnar 2025, Gullbjarnarins og er tilnefnd til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs.

Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Framhaldsskólasýningar í Bíó Paradís

<https://www.facebook.com/framhaldsskolasyningar>

